

ÓLI HJÓRTUR ÓLAFSSON  
„Straight friendly“  
matseðill



30 ÁLITSGJAFAR VELJA FORSETAÆFNI  
Sniðin fyrir Bessastaði



SIGURÐUR KJARTAN KRISTINSSON  
Ritstýrir nýju ung-  
menningarblaði



# FRÉTTABLAÐIÐ

3. ágúst 2007 – 209. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Bræðrabylta til Sviss

Mynd Gríms Hákonarsonar tekur þátt í alþjóðlegri stuttmyndasamkeppni í Sviss.



FÓLK 32

### Ökum af öryggi

„Margir ungir ökumenn af höfuðborgarsvæðinu hafa litla sem enga reynslu af því að aka á mól og eru því í meiri hættu en ella þegar þeir halda út á þann hluta vegakerfisins,“ segir Kjartan Magnússon.

Í DAG 20

### Nýtt í New York

Vörur hönnunarhópsins Vík Þrjúdóttir eru nú til sölu í New York.


FÓLK 30

### Íslensku liðin úr leik

Gærdagurinn reyndist íslensku liðunum í Evrópukeppni félagsliða ekki heilladrjúgur. Keflavík og KR féllu bæði úr leik eftir naum töp.

ÍPRÓTTIR 34-35

### VEÐRIÐ Í DAG



**VINDAR OG VÆTA** Nú með morgninum verður austan hvassviðri um sunnan- og vestanvert landið en hægari norðaustan og austan til. Lægir talsvert sunnan til eftir hádegi. Rigning eða skúrir. Hiti 7-15 stig, hlýjast til landsins syðra.

VEDUR 4

# Vildi borga heyrnaraðgerð

Tveir Hollendingar viðurkenna að hafa flutt inn rúmt kíló af kókaíni. Vafamál hvort þeir stóðu saman að innflutningi efnisins. Leitað var á fólkinu á leið frá Amsterdam. Íslensk yfirvöld voru beðin að leita betur.

**DÓMSMÁL** „Mér þykir þetta mjög miður. Ég ætlaði aldrei að gera þetta,“ sagði 27 ára hollenskur maður við aðalmeðferð í fíkniefnamáli í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Hann og níttján ára hollenskur stúlka viðurkenna bæði að hafa flutt kókaín til landsins innanklæða og innvortis í apríl síðastliðnum.

Fólkið var handtekið af tollvörðum í Leifsstöð við komuna frá Amsterdam 6. apríl með samtals tæplega 1.100 grömm af kókaíni innvortis og innanklæða. Hann var með um 750 grömm og hún ríflega 300. Þau hafa verið í gæsluvarðhaldi síðan. Þau segjast bæði hafa haldið í fyrstu að þau ættu að fara ein í ferðina, og hvorugt segist hafa vitað hversu mikið magn efna hitt hafði meðferðis.

Stúlkan og maðurinn eru bæði fædd á eyjunni St. Vincent í Karíbahafi og þekktust þaðan í sjón. Maðurinn, sem er nær algjörlega

heyrnarlaus, hafði búið í nokkur ár í Hollandi fyrir smyglið. „Ég var heimilislaus og átti enga peninga,“ sagði hann. „Ég hafði þurft að greiða skuldir og fara í læknisáðgerð út af eyrunum á mér.“

Stúlkan hefur nýlengi framhaldsskólanámi í Hollandi og hefur haldið áfram námi í gæsluvarðhaldi hér. Hún hyggst taka próf nú í ágúst.

Bæði stúlkan og maðurinn fullyrða að aðrir hafi fengið þau til verksins. Stúlkan segir konu að nafni Ivette hafa skipulagt smyglið en maðurinn nefnir karlmann, Mario að nafni. Þau dvöldu í sama húsi daginn fyrir ferðina en segjast lítið sem ekkert hafa hist. „Við máttum ekki tala saman og vorum látin dvelja í aðskildum herbergjum,“ sagði stúlkan. Þau áttu síðan að þykjast vera par í ferðinni.

„Þegar ég var að koma fíkniefnunum fyrir

inni í mér þá kastaði ég þeim upp þannig að ég þurfti að koma hluta þeirra fyrir í endaparmi,“ sagði maðurinn.

Á flugvellinum í Amsterdam var fólkið stöðvað vegna þess hve illa farið vegabréf mannsins var. Tollverðir leituðu að fíkniefnum á þeim. „Þeir leituðu ekki vel, því þá hefðu þeir fundið efnin,“ sagði maðurinn. Þau voru að verða of sein í flugið svo leitinni var hætt. Maðurinn segir tollverðina úti hafa sagt þeim að þeir myndu hafa samband við yfirvöld á Íslandi um að leita betur á þeim.

Stúlkan segist ekki vita hvort hún hafi átt von á greiðslu fyrir verkið umfram ferðalagið til Íslands. „Ég vildi gera þetta því mig langaði í ferðalag. Mig langaði að komast burt frá Hollandi,“ sagði hún. Maðurinn sagðist hafa verið lofað 7.400 evra greiðslu, sem jafngildir um 640 þúsund krónum.

- sh



Í POLLAGALLANUM Regnfátmaður hefur rokið út úr verslunum 66°Norður undanfarna daga, enda verslunarmannahelgi að ganga í garð og veðurspáin misjöfn. Pétur Sigurðsson, sem er á leiðinni á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina, var einn þeirra sem vildu hafa vaðið fyrir neðan sig og fjárfesti í pollagalla. Elva Dröfn Árnadóttir afgreiðslukona fylgist með.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Þjóðhátíðargestir í Eyjum: Beðnir að gista ekki í Dalnum

**FERÐALÖG** Þjóðhátíðargestum í Eyjum var ráðlagt að gista ekki í tjöldum sínum í Dalnum í fyrriðum vegna veðurútlits. Starfsmenn Þjóðhátíðarnefndar gengu á milli tjalda og buðu fólki að gista í íþróttahúsi í staðinn, endurgjaldslaust.

„Við vildum bara fyrirbyggja að tjöldin fýkju og fólkið lenti í slæmu veðri,“ segir Tryggvi Már Sæmundsson, sem er í nefndinni. „Flestir tóku mjög vel í þetta, en einhverjir voru eftir í dalnum.“ Hann segir veðrinu eiga að slota á hádegi í dag, og þá muni Dalurinn aftur fyllast af tjöldum.

Yfir sextíu fíkniefnamál hafa komið upp á landinu öllu síðan fíkniefnaeftirlit lögreglu vegna verslunarmannahelgarnar hófst mánudaginn 23. júlí. Páll Winkel aðstoðarlögreglustjóri segir magnið heldur meira en undanfarin ár, enda sé meiri áhersla lögð á eftirlit en áður.

- sps

Síminn brást skjótt við og kom upp GSM-sambandi fyrir Baltasar Kormák:

## Óvænt símasamband í Flatey

**FÓLK** GSM-samband er komið á í Flatey á Breiðafirði. Fólk í eyinni vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar farsímar tóku að hringja á þriðjudag. Áður hafði verið tilkynnt að GSM-sambandi yrði komið á í Flatey og á hluta af sunnanverðum Vestfjörðum í nóvember.

Í vikunni fór kvikmyndatökufólk að streyma til eyjarinnar með Baltasar Kormák í fararbroddi til að taka upp myndina Brúðgumann.


„Við spurðumst fyrir um það hjá Símanum hvort við gætum verið nettengd í eyinni og hvort hægt væri að liðka til með það,“ sagði Agnes Johansen, framleiðandi kvikmyndarinnar. „Þá var okkur sagt að það væri langt komið með GSM-samband og að þeir ætluðu bara að nota tækifærið og drífa í þessu.“

Viðbrögð íbúa og gesta í Flatey við GSM-sambandinu eru blendin.

Á Hótel Flatey er búið er að hengja upp miða á hótelinu þar sem stendur: „Góðir gestir, vinsamlega notið ekki GSM-síma á hótelinu, veröndinni, útiborðum eða í veitingasal. Takk fyrir að varðveita friðinn í Flatey.“

„Menn verða bara að læra að slökva á símunum og varðveita friðinn sem er það sem fólk sækist eftir hér,“ segir Álfheiður Ingadóttir, einn af eigendum hótelsins.

- pal



Sumarmarkaður til 3. ágúst  
Sprengfull búð af frábærum tilboðum! Ellingsen

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

ÚTSÖLULOK



FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ



Tryggðu þér eintak!

TAKMARKAÐ UPPLAG • Aðeins selt í 12 daga\*

\* skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN

[www.heimur.is](http://www.heimur.is)

Áskriftarsíminn  
er 512 7575

  
heimur



# Ertu klár í ferðalagið?



**Holta kjúklingapylsur**  
– frábærar í ferðalagið



**Pykkvabæjar kartöflusalat**  
Með lauk eða með sólpurrkuðum tómát og ólífum.



**New Orleans BBQ svínarif**  
Tilbúin beint á grillið, þarf bara rétt að hita.



**Svínakótilettur kryddlegnar**

**TILBOÐ**  
**1.019** kr/kg  
Merkt verð 1.698,-



**Ferskt lambalæri úr kjötborði**

**TILBOÐ**  
**989** kr/kg  
Verð áður 1.394,-



**Holta kjúklingaleggir**  
Holta kjúklingalæri og leggir í texaskryddlegi

**TILBOÐ**  
**363** kr/kg  
Merkt verð 605,-



**Kók zero**  
2 og 0,5 lítra



**Caj'p marinerar** í miklu úrvali.  
6 spennandi tegundir, hver annarri betri.



**Svali**  
Tilvalinn í ferðalagið



**Stjornusnakk**  
3 tegundir



**Jumbó samlokur**  
– tilboðið gildir aðeins fimmtudag og föstudag

Gildir til 5. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



Á að hætta að birta opinberlega álagningarskrár skattstjóra?

Já	41%
Nei	59%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Er réttlæt看legt að vera með aldurstakmörk á tjaldstæðum?

Segðu skoðun þína á visir.is



Magnús Sveinn Helgason var á vettvangi í Minneapolis eftir að brúin hrundi:

# Bílarnir lágu eins og hráviði

**BANDARÍKIN** „Brúin sem hrundi er ábyggilega fjölfarnasta brúin í Minneapolis. Hún liggur í gegnum miðbæinn og tengir öll úthverfin í norðri við miðbæinn, þannig að allir sem eru að koma í vinnu þaðan fara þarna um,“ segir Magnús Sveinn Helgason, sem búið hefur í Minneapolis í sjö ár.

Hann átti leið framhjá brúnni klukkutíma eftir að hún hrundi, var að skutla vinkonu dóttur sinnar heim. „Hún býr þarna nálægt svo ég fór þangað og gekk um svæðið.“

Hann komst þó ekki alveg að brúnni, því stóru svæði hafði strax verið lokað.

„Þegar ég kom á vettvang var augljóst að öll viðbrögð lögreglu og björgunarfólks voru ótrúlega skipulögð. Þetta hefur allt gengið nákvæmlega eftir bókinni.“

Fjöldi fólks var á staðnum, fólk sem býr í nágrenninu eða komst ekki leiðar sinnar vegna þess að brúin var farin.

„Fólk ætlaði hreinlega ekki að trúa þessu. Bílarnir lágu eins og hráviði þarna og ótrúlegt að fólk hafi bjargast úr þeim því brúin er minnst tuttugu metra há,“ segir Magnús.

„Nú er fólk farið að búa sig undir umferðartafir, því þetta er önnur aðalumferðaræðin í gegn-



**MAGNÚS SVEINN HELGASON** Magnús hefur búið í sjö ár í Minneapolis þar sem hann stundar doktorsnám í sagnfræði.

um borgina. Það gæti tekið allt upp í tvö ár að koma umferðinni í gang aftur.“

- gb

## STÆRSTU BRÚAR-SLYS SIÐUSTU ÁRA

**Bandaríkin - apríl 2007**  
Hluti hraðbrautar við Oakland Bay-brúna í San Francisco hrundi eftir að flutningabíll valt.

**Kanada - september 2006**  
Fimm manns létust þegar brú hrundi í Quebec.

**Spánn - nóvember 2005**  
Hluti brúar sem verið var að reisa hrundi skammt frá Granada. Sex manns fórust.

**Bandaríkin - maí 2003**  
Flutningabíll ók á brúarstólpa í Nebraska. Brúin hrundi og kostaði það einn mann lífið.

**Bandaríkin - maí 2002**  
Flutningaprammi sigldi á brú yfir Arkansas-fljót í Oklahoma. 152 metra langur hluti brúarinnar hrundi. Fjórtán manns létust.

**Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!**

Á tilboði í ágúst 2007  
**Öflugar gólfþvottavélur frá TASKI**

**TASKI swingo 450 B**  
Einstaklega lipur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!  
Raunhæf afköst 450 m<sup>2</sup>/klst  
Reiknuð afköst 1250m<sup>2</sup>/klst  
**399.384 kr.**

**TASKI swingo 750 B**  
Lítill og nett, en afkastamikil vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.  
Raunhæf afköst 750 m<sup>2</sup>/klst  
Reiknuð afköst 1935m<sup>2</sup>/klst  
**499.396 kr.**

Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfþvottavélur, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV. Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



**ERFIÐAR AÐSTÆÐUR** Þótt veður hafi verið gott átti björgunarfólk í erfiðleikum með að athafna sig við brúna, sem enn gat farið á hreyfingu hvenær sem var.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Á þriðja tug saknað

Engar skýringar hafa fengist á því hvers vegna brúin yfir Mississippi-fljót í Minneapolis hrundi fyrirvaralaust í fyrrkvöld. Stjórnvöld telja þó ekki að hryðjuverkamenn hafi verið á ferðinni. Ekki er heldur vitað hve margir fórust.

**MINNEAPOLIS, AP** Ekki er vitað hve margir fórust þegar fjölfarin brú í Minneapolis hrundi skyndilega síðdegis á miðvikudag. Í gærmorgun höfðu yfirvöld staðfest að fjórir voru látinir, en tuttugu til þrjátíu manns var saknað.

Kafarar voru sendir til að leita að látnu fólki í Mississippi-fljóti í gær, en bæði erfitt og hættulegt var að athafna sig við leitina.

„Brúin er enn að hreyfast,“ sagði Tim Dolan, lögreglustjóri í Minneapolis. „Við þurfum að gera þetta hægt og gæta öryggis.“

Allt að fimmtíu bílar voru í ánni og reynt var að skrá niður bílnúmer þeirra allra. Ökumenn og farþegar flestra bifreiðanna höfðu náð því að komast í land, en erfitt var að kanna hve mörg lík væru enn í bílunum. Sumir bílanna voru grafnir undir stórum steinsteypubrotum úr brúnni.

Heimavarnaráðuneyti Bandaríkjanna segir fátt benda til þess að þetta hafi verið hryðjuverk. Orsökinn er þó enn ókunn. „Allt bendir til þess að þetta hafi verið hrun, en ekki af mannavöldum,“ segir Richard Stanek, sem er yfirmaður í lögreglunni.

Slysið varð klukkan 18.05, sem sagt á háannatímanum síðdegis, þegar umferðin um brúna er hvað mest.

Meðal bifreiðanna sem voru á brúnni þegar hún hrundi var skólabíll með 60 börnum. Billinn fór ekki í ána þannig að öll komust börnin lífs af, en um það bil tíu þeirra hlutu meiðsli.

Tíu ára stúlka, Kaleigh Swift, hringdi í mömmu sína um það bil tíu mínútur yfir sex. „Hún æpti: Brúin hrundi,“ sagði móðirin, Christine Swift.

Tim Pawlenty, ríkisstjóri í

Minnesota, segir að brúin hafi verið skoðuð vandlega á árunum 2005 og 2006 og þá hafi engir alvarlegir gallar komið í ljós. „Það þurfti að huga að nokkrum smávægilegum atriðum.“

Dagblaðið Star Tribune, sem gefið er út í Minneapolis, skýrði þó frá því að árið 2005 hafi samgönguráðuneytið í Minnesota komist að þeirri niðurstöðu að brúin væri í lélegu ástandi og þyrfti ef til vill endurnýjunar við.

Þegar brúin hrundi var verið að vinna að viðgerðum á henni. Fjórir af átta akreinum voru lokaðar, sem gerði það að verkum að umferð var minni en ella hefði verið.

Átján verkamenn voru á brúnni þegar hún hrundi. Einn þeirra hafði ekki fundist síðdegis í gær.

gudsteinn@frettabladid.is

**HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA**

**DECUBAL**  
KVÆDJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FÆRÐ DECUBAL Í NÆSTA APÓTEKI

Skelfing greip um sig meðal vegfarenda á brúnni yfir Mississippi-fljót:

# Var alveg eins og í bíómynd

**MINNEAPOLIS, AP** Þau Dennis og Jamie Winegar frá Texas voru akandi á bifreið sinni yfir brúna í Minneapolis þegar þau fundu skyndilega að hún byrjaði að skjálfa. Ungur frændi þeirra sem var með þeim hrópaði: „Þetta er jarðskjálfti,“ og þá áttuðu þau sig á því að brúin var að hrynja undan þeim.

„Ég klossbremsaði og sá eitthvað fyrir framan mig hverfa og síðan sneri bíllinn minn beint niður og við hröpuðum,“ sagði Dennis, sem sat við stýrið. Bifreiðin hefur fallið um það bil fimmtán metra og lenti ofan á öðrum minni bíl.

Jamie segir að fólk hafi strax farið út úr bílunum og reynt að hjálpa hvert öðru.

Catherine Yankelevich var í öðrum bíl sem steyptist út í Mississippi-fljót: „Bílarnir fóru að fljúga og ég sá vatnið,“ segir hún. Henni tókst að klifra út um hliðarrúðuna bílstjóramegin og synti í land.



**SLAPP MEÐ SKREKKINN** Melissa Hughes, sem heldur þarna á ungu barni, var ökumaður í rauða bílnum sem sést á bak við.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þetta var alveg eins og í bíómynd, þetta var býsna ógnvekjandi,“ sagði hún. „Ég bjóst aldrei við að neitt þessu líkt myndi gerast hér.“

- gb

**NÝ KYNSLÓÐ  
Í LÁGVÖRUVERSLUN  
á Grandda!  
Stór verslun  
7000 vörunúmer!**

Um er að ræða einstaklega stóra og rúmgóða  
verslun þar sem ferskleiki  
og fjölmargar nýjungar munu ráða ríkjum og  
verður með þessari opnun komin  
“Ný kynslóð í lágvöruverslun” á granda.  
Krónan – Fiskislóð 15 - 21 – Reykjavík

**Opið frá kl 11 - 19 alla daga!**





allt að  
**SJUNVÖRÞ**

37%

HÁFAR OG GUFUGLEFAR

allt að afsláttur  
**ÞVITTAVÉLAR**

29%

50%

ÍSSKÁPAR

HLJÓTÆKI

15%

15%

70%

SMÁTÆKI

allt að afsláttur  
**OFNAR 46% HELLUBORÐ**

46%

ÚTSALAN  
ER HAFIN!  
ÚTSALAN  
ER HAFIN!

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18





**FLOGIÐ UNDIR BRÚNA** Flugkappinn Peter Besenyei gerði sér lítið fyrir og flaug undir þessa gömlu brú, sem er yfir Dóná í miðborg Búdapest.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Pingkosningar verða haldnar í Pakistan í október:

## Óánægja með Musharraf vex

**PAKISTAN. AP** Pervez Musharraf, forseti Pakistans, nýtur æ minni vinsælda meðal kjósenda. Helst virðist ákvörðun hans um að reka forseta hæstaréttar hafa vakið óánægju landsmanna, en óttast er að fylgi við róttæka múslima aukist ef Musharraf reynir að halda í völdin þrátt fyrir að tapa kosningunum.

Pingkosningar verða haldnar í Pakistan í október og Musharraf er talinn stefna að því að sitja eitt kjörtímabil í viðbót. Fylgi við Musharraf mældist lítið í skoðanakönnun sem gerð var frá miðjum júní fram í byrjun júlí.

63 prósent segjast því fylgjandi



**PERVEZ MUSHARRAF** Forseti Pakistans hrapar í vinsældum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að Musharraf segi af sér og aðeins 34 prósent eru ánægð með frammistöðu hans, en þegar sams

konar könnun var gerð í febrúar voru 54 prósent ánægð með frammistöðuna.

Musharraf vann sigur í kosningunum árið 2002, þremur árum eftir að herinn steypti stjórn landsins og Musharraf herforingi tók að sér völdin.

Mikil ólga hefur verið í kringum hann undanfarið, bæði í tengslum við árás hersins á róttæka múslima í rauðu moskunnunni í Islamabad, og eftir brottrekstur hæstaréttardómarans, sem reyndar er kominn aftur í embætti sitt.

Musharraf hefur sagst vilja halda góðum tengslum við dómarrann.

- gb

Ellilífeyrisþegi verður fyrir áreiti:

## Börnin hringja í Harry Potter

**BANDARÍKIN. AP** 78 ára gamall Flórídabúi verður fyrir stanslausu áreiti vegna þess að hann ber nafnið Harry Potter.

Í hvert sinn sem ný bók eða kvikmynd um galdratrákinn geðþekka kemur út fær Potter fjöldi símtala frá börnum, fjölmiðlafólki og æstum aðdáendum. „Börnin vilja fá að vita hvort ég sé Harry Potter,“ segir Potter. „Ég segi þeim að ég hafi verið Harry Potter í hátt í 80 ár!“

Potter segist ekki hafa lesið eina einustu Potter-bók. „Ég gæti kannski keypt mér Harry Potter gleraugu til að líkjast honum,“ bætir Potter við.

- sgi

Mótmælaskilti rifin niður í Þjórsárdal:

## Á móti Sól á Suðurlandi

**UMHVERFI** Skilti sem sett voru upp í mynni Þjórsárdals til að mótmæla virkjunaráformum Landsvirkjunar voru rifin niður aðfaranótt fimmtudags. Skiltin sýndu hversu hátt vatnið við Þverá nær ef af virkjunarframkvæmdum Landsvirkjunar á svæðinu verður.

„Mér dettur ekkert í hug hver

eða hverjir gætu hafa gert þetta,“ segir Ólafur Sigurjónsson, íbúi á svæðinu og félagi í samtökunum Sól á Suðurlandi. „Annað skiltið var skilið eftir á hlaði eins bóndans sem tók þátt í að setja það upp, en hitt hefur ekki fundist.“ Skiltið sem fannst var sett upp aftur í gær.

- sfs



**SKILTID SETT UPP** Ólafur Sigurjónsson, Guðfinnur Jakobsson og Albert Sigurjónsson settu annað skiltið upp í lok júlímánaðar. Það sýnir hversu hátt fyrirhugað lón mun ná.



**KLUKKAN STILLT** Gísli Marteinn og Vilhjálmur P. Vilhjálmsson borgarstjóri sýndu hvernig stilla á bílaskífu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Visthæfir bílar fá frí bílastæði

Fjórtán hundruð bílar á landinu falla undir skilgreiningu Reykjavíkurborgar á visthæfum bílum. Bílarnir fá ókeypis bílastæði í miðborg Reykjavíkur. Sérstök skífa verður notuð í stað stöðumæla.

**UMHVERFISMÁL** „Þetta skref er stigið vegna þess að við viljum minnka losun gróðurhúsalofttegunda, eins og allar borgir í hinum vestræna heimi eru að gera,“ sagði Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, þegar skilyrði fyrir ókeypis bílastæðum í miðborginni voru kynnt í gær.

23 tegundir bíla teljast visthæfar samkvæmt þeirri skilgreiningu sem borgin setti. Eigendur slíkra bíla fá ókeypis bílastæði í miðborginni. Eigendurnir fá sérstaka skífu, sem límd er á framrúðuna og er notuð í stað stöðumæla. Skífuna má fá í bílaumboðum og geta Reykvíkingar sem og aðrir landsmenn fengið hana, aki þeir á visthæfri bifreið.

„Það er virkilega gott hvernig borgin og atvinnulífið geta komið að þessu saman,“ segir Egill Jóhannsson, formaður Bílgreinasambandsins og framkvæmdastjóri Brimborgar. „Í landinu eru tæplega fjórtán hundruð bílar sem uppfylla þessar kröfur.“ 230.747 bílar eru á landinu og því telst innan við eitt prósent bílaflotans til visthæfra bifreiða.

Egill segist ánægður með að borgaryfirvöld hafi stigið þetta

### VISTHÆFIR BÍLAR

#### Bensínbílar:

Eyða 5 lítrum á hverja hundrað kílómetra eða minna.

#### Dísilbílar:

Eyða 4,5 lítrum á hverja hundrað kílómetra eða minna.

#### Aðrir orkugjafar:

Tvöorkubílar sem nota til dæmis metan/bensín eða etanól/bensín fari ekki yfir 5 lítra á hverja hundrað kílómetra í blönduðum akstri.

Útblástur á koltvísýringi má aldrei fara yfir 120 grömm á kílómetra.

skref og telur líklegt að viðmiðunarmörk fyrir visthæfa bíla muni lækka eftir því sem tækninni fleygir fram. „Ég yrði ekki hissa ef við yrðum komin upp í þrjátíu til fjórtíu tegundir vistvænna bíla á næsta ári,“ segir Egill.

Gísli Marteinn fagnaði jafnframt frumkvæði bílaumboðanna og framboði þeirra af visthæfum bílum. Koltvísýringur í Reykjavík sé nánast eingöngu vegna samgangna og þetta sé því þungt lóð á vogaskálar umhverfisverndar.

steindors@frettabladid.is

AÐ KAUPA VÍN ER EKKERT GRÍN

Hafðu skilríkin meðferðis.

Takk fyrir að sýna okkur skilríki að eigin frumkvæði þegar þú kemur í Vínbúðina. Þannig leggjumst við á eitt um að takmarka aðgengi unglinga að áfengi.

### VISTHÆFIR BÍLAR Í FIMM UMBOÐUM

**B&L:** Getz, 1,5 CRDi.

**Bernhard:** Peugeot 107, Peugeot 207, Honda Civic Hybrid.

**Brimborg:** Citroën C1 WTí, Citroën C3 1,4 Hdi, Ford Fiesta 1,4 TDCi, Ford Fusion 1,4 TDCi.

**Hekla:** W Touran 2,0, VW Polo 1,4 TDi, Audi Sportback, Kia Picanto 1,0.

**Toyota:** Toyota Prius 1,5 VVTi, Toyota Aygo 1,0 VVTi, Toyota Yaris 1,4 D-4D.


# NÝR QUIZNOS Í NORÐLINGAHOLT



Höfum opnað nýjan Quiznos-stað í nýrri og glæsilegri Olís-stöð í Norðlingaholti við Rauðavatn. Ljúffengir bátar og gómsæt salöt í boði.



Himinn og haf / SIA





**FLÓÐ Í BANGLADESS** Síðastliðna viku hafa að minnsta kosti sextán manns látist í flóðum í Banglades. Meira en milljón manns hefur þurft að yfirgefa heimili sitt. Þessi móðir reyndi að komast leiðar sinnar ásamt syni sínum í Sirajgonj-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur auglýst eftir húsnæði:

## Vísindasafn verður opnað

**VÍSINDI** Náttúrufræðistofnun Íslands er á leið í nýtt húsnæði. Útboð hefur verið auglýst en undirbúningur hefur staðið síðan umhverfisráðuneytið samþykkti í vor að stofnunin fengi nýtt húsnæði.

Gerð er krafa um að Náttúrufræðistofnun verði á höfuðborgarsvæðinu. „Þar skiptir máli að nálægð verði við aðrar rannsóknarstofnanir og háskóla svo að vísindamenn hafi betri aðgang að stofnuninni,“ segir Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunarinnar.

Húsnæðið á að vera 3.500-4.000



**NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS** Verður flutt frá Hlemmi í stærra húsnæði sem fullnægir kröfum sem gerðar eru til nútímalegra stofnana og safna.

fermetrar og fullnægja öllum kröfum sem gerðar eru til stofnana og safna. Í húsinu verður sérstakt vísindasafn sem yrði opið

vísindamönnum til rannsókna. Vísindasafnið hefur ekki verið opið. „Aðbúnaður þessa vísindasafns hefur verið algerlega ófullnægjandi,“ sagði Jón Gunnar.

Skemmst er að minnast þess þegar fjölmargir gripir eyðilögðust í geymslu í haust þegar rafmagn fór af frystiklefa. „Við kærum málið en enn hefur enginn botn fengist í það.“

Sýningarsalurinn hefur verið aðskilinn Náttúrufræðistofnun. Stofnað hefur verið í staðinn Náttúruminjasafn Íslands sem sér um safnið og heyrir það undir menntamálaráðuneytið. - pal

Loftsamgöngur við Ísland:

## Aldrei meiri flugumferð

**SAMGÖNGUR** Aldrei hafa fleiri flugvélar flogið um íslenskt flugstjórnarsvæði í einum mánuði og í nýliðnum júlí.

Í júlí fóru 12.110 flugvélar um flugstjórnarsvæðið sem er tæplega sextán prósentu aukning frá sama mánuði í fyrra.

Með áframhaldandi þróun af þessum toga má búast við að flugumferð um flugstjórnarsvæðið nái í fyrsta skiptið yfir hundrað þúsund flugvéla á einu ári segir í tilkynningu frá Flugstöðum.

Aukning á þessu ári stefnir í að vera yfir tíu þúsund flugvélar. - avi

Umhverfisviðurkenningar Garðabæjar:

## Strandvegur valinn snyrtilegasta gatan



**VIÐURKENNING** Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar, kynnti niðurstöðurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**GARÐABÆR** Gatan Strandvegur í Sjólandshverfi var á miðvikudag valin snyrtilegasta gatan í Garðabæ, en þá voru veittar viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi.

Strandvegurinn er fjölbýlis-húsagata sem liggur meðfram ströndinni, og vakti snyrtilegur frágangur lóða og skemmtilegur heildarsvipur götunnar athygli, að því er fram kemur í tilkynningu frá Garðabæ.

Garðaskóli hlaut viðurkenningu fyrir lóð fyrirtækis eða stofnunar, en nýtt og hlýlegt yfirbragð lóðarinnar þótti til fyrirmyndar, og ánægjulegt hversu vel nemendur hafi gengið um lóðina. - bj



**UMDEILD STOFNUN** Útvarpsstjóri segir að faglegar ráðningar starfsfólks án afskipta stjórnvalda séu einn helsti kosturinn við hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. AGÚST 2007

STEFÁN INGI STEFÁNSSON VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS 42 KM / UNICEF

**RENAULT**

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun

Master Traffic Kangoo

<p><b>Renault Master</b> Verð frá kr. 3.080.000 Verð frá kr. 2.473.896 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 47.332 Fjármögnunarleiga kr. 38.018 án vsk.</p>	<p><b>Renault Traffic</b> Verð frá kr. 2.380.000 Verð frá kr. 1.911.646 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 37.345 Fjármögnunarleiga kr. 29.996 án vsk.</p>	<p><b>Renault Kangoo</b> Verð frá kr. 1.670.000 Verð frá kr. 1.341.365 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 26.386 Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.</p>	<p>ATVINNUBÍLAR FYRIRTAKJAPJÓNUSTA</p>
--	---	--	--

www.renault.is

www.atvinnubilar.is

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

## Dómsmálaráðherra vill selja RÚV

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að réttast væri að selja Ríkisútvarpið. Formaður menntamálanefndar er honum sammála. Útvarpsstjóri hefur ekki áhyggjur af skoðunum ráðherra.

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Mín vegna má Björn Bjarnason hafa hvaða skoðun sem er á því hvort selja eigi Ríkisútvarpið. Það heldur ekki fyrir mér vöku,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri um skrif Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni bjorn.is. Þar fjallar Björn um Ríkisútvarpið og segir: „Hlutafélagavæðing RÚV hafði ekki að markmiði að auðvelda RÚV að kaupa starfsmenn annarra stöðva og veita þeim ríkisskjól. Væri ekki best, að selja batterið allt (fyrir utan gömlu gufunna), svo að snillingarnir gætu keppt við Bausmiðlana á jafnréttisgrundvelli, án þess að fá nefskatt?“

Þegar Fréttablaðið leitaði nánari útskýringa frá Birni kvaðst hann ekkert tjá sig um málið umfram það sem stæði í færslunni.

„Nú veit ég ekki hvaða starfsmenn Björn á við né hvert hann er yfir höfuð að fara í þessari færslu sinni,“ segir Páll. Hann segir að einn helsti kostur breytts rekstrarforms Ríkisútvarpsins sé sá að stjórnvöld hafi ekkert að segja um mannaráðningu.

„Mannaráðningar fara nú fram á hreinum faglegum forsendum burtséð frá því hvort einhverjir starfsmenn hafi áður verið hjá því sem Björn kallar „Bausmiðlana“. Kannski sér Björn svolítið eftir þessum pólitísku áhrifum og vill frekar hafa þetta eins og það var



**BJÖRN BJARNASON** **PÁLL MAGNÚSSON**

áður – og hann væri þá auðvitað frjálst að þeirri skoðun,“ segir Páll.

Sigurður Kári Kristjánsson, alþingismaður og formaður menntamálanefndar, vitnar í Björn á heimasíðu sinni og segir óhætt að svara spurningu Björns jótandi. „Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að ríkið eigi ekki að reka fjölmiðil,“ segir Sigurður og kveðst hlynntur því að Ríkisútvarpið verði selt þótt hann hafi verið einn þeirra sem börðust fyrir því að koma hlutafélagavæðingu þess í gegn.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segir að ummæli ráðherra og formanns menntamálanefndar komi sér ekki á óvart. „Þessar raddir hafa heyrst áður í Sjálfstæðisflokknum en ég er þeim gjörsamlega ósammála. Samfylkingin hefur alltaf staðið vörð um Ríkisútvarpið sem ríkisfjölmiðil og það er ekkert í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar sem gerir ráð fyrir sölu þess,“ segir Ágúst. thorgunnur@frettabladid.is

# MAX

RAFTÆKI

# PS3

**Heimsins flottasta leikjavél!**



**Playstation 3**

# 59.989 kr.

Fullt verð ~~79.989~~

**Landsins heitasta verðtilboð!**



**Leikirnir Motorstorm + Resistance / Fall of Man  
+ Tveir þráðlausir stýripinnar fylgja PS3**

OPNUNARTÍMI  
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.  
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Frábær  
tækjakaup**

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200  
**Við erum beint á móti IKEA**





Meira í leiðinni


# GOTT MERKI Á FERÐINNI

SÍMI 440 1000  
WWW.N1.IS

Á ferð um þjóðvegi landsins eru þjónustustöðvar og verslanir N1 aldrei langt undan. N1 sér bílnum og þér fyrir helstu nauðsynjum og ljúffengum veitingum til að seðja hungrið á leiðinni eða bæta í nestisboxið. **N1 - Meira í leiðinni**

## Svona erum við

&gt; Fjöldi gesta á byggðasöfn landsins:



## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: BRITISH AIRWAYS

## Þriðja stærsta flugfélag í Evrópu

Breska flugfélagið British Airways hefur verið sektað um alls 34 milljarða íslenskra króna fyrir að hafa haft ólöglegt samráð við helsta keppinaut sinn, Virgin Atlantic, um eldsneytisgjald í langflugi.

## Hvernig komst samráðið upp?

Samráðið náði til fjögurra flugfélaga. British Airways, Virgin Atlantic, Lufthansa og Korean Airlines. Upp komst um samráðið þegar Virgin Atlantic tilkynnti um að starfsmenn félagsins hefðu tekið þátt í því. Vegna þess hversu samvinnufúsir forsvarsmenn Virgin voru slapp félagið við sekt. Það sama gilti um Lufthansa, en Korean Airlines þarf einnig að greiða fyrir sinn þátt í samráðinu.

## Hver er saga félagsins?

British Airways er þriðja stærsta flugfélag í Evrópu, á eftir Air France og Lufthansa. Félagið varð til árið 1935 í kjölfar sameiningar smærri

félaga. Það var þjóðnýtt árið 1939 og myndaði ásamt öðru félagi British Overseas Airways Corporation. Það hélt síðan áfram að stækka með tíðum skipulagsbreytingum fram til ársins 1974, þegar félagið varð formlega til í núverandi mynd. Það var einkavætt árið 1987.



Flugfloti félagsins telur nú 236 vélar af ellefu tegundum. Á undanförmum tíu árum hefur félagið flogið með á bilinu 32.000 til 40.000 farþega árlega.

## Tengist málið Íslandi?

Samráðið var um eldsneytisverð í langflugi og því tengist málið ekki Íslandi nema að því leyti að félagið flýgur til og frá landinu. British Airways hóf áætluð flug til og frá Íslandi í mars í fyrra. Flogið er til og frá Gatwick-flugvelli sunnan London, þótt félagið fljúgi einnig til og frá Heathrow-flugvelli. Flogið er fimm sinnum í viku.

## SPURT &amp; SVARAÐ

MANNEKLA Á LEIKSKÓLUM

## Launin helsta ástæðan

Auglýst hefur verið eftir á annað hundruð starfsfólki á leikskólum Reykjavíkurborgar. Leikskólustjórar segja erfitt að fá menntað fólk til starfa. Björg Bjarnadóttir er formaður félags leikskólakennara. Af hverju gengur illa að manna



**BJÖRG BJARNADÓTTIR**  
Formaður Félags leikskólakennara.

stöður? Ástæðurnar eru margar en helstar þær að það vantar fleiri menntaða leikskólakennara auk þess sem launin eru allt of lág. Kemur það niður á börnunum ef það eru fáir faglærðir starfsmenn? Já. Það skiptir máli að fagþekkingin sé fyrir hendi í skipulagningu leikskólustarfsins. Örar mannabreytingar koma einnig niður á starfinu.

Hvers vegna er skortur á menntuðum leikskólakennurum? Ástæðurnar eru margar. Á árum áður voru langir biðlistar í Fósturskólann en aðsókn minnkaði þegar námið komst á háskólastig. Verðmætamat á störfum auk þenslunnar í samfélaginu hefur áhrif á val nemenda. Það er svo margt í boði og þessi láglaunastörf sem þó krefjast háskólamenntunar gjalda fyrir það.


## Þrautalending Ratsjárstofnunar

15. ágúst næstkomandi mun íslenska ríkið taka við rekstri Ratsjárstofnunar. Utanríkisráðherra segir tilfærsluna ekki fara fram eins og best hefði verið á kosið. Reksturinn kostar í kringum milljarð króna á ári og hægara er sagt en gert að aðlaga áður bandarískt rekna starfsemi að íslenskrum stjórnsýslu.

Ratsjárstofnun telst stofnun undir yfirstjórn utanríkisráðuneytisins þrátt fyrir að allur rekstur hennar hafi verið fjármagnaður af bandarískum yfirvöldum.

Samkvæmt varnaráætlun við Bandaríkin, sem samþykkt var í september í fyrra, verður starfsemi stofnunarinnar flutt undir íslenska ríkið 15. ágúst.

Kostnaður við stofnunina var 1.200 milljónir árið 2005, en ráðuneytið telur sig geta lækkað hann verulega við yfirtökuna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra nefndi töluna 800 milljónir í júní þegar hún fundaði með aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, Nicholas Burns.



**UMRÁÐASVÆÐI ÍSLENSKA RATSJÁRSKERFISINS** Rauða línan sýnir hvert umræðasvæði íslenska ratsjárkerfisins nær frá fjórum ratsjársstöðvum; á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfalli, Miðnesheiði og Stokksnesi. Ratsjársstöðvarnar eru nauðsynlegar fyrir heræfingar, en fimm þeirra eru áætlaðar á ári.

## Vandkvæði við tilfærsluna

Rekstrarumgjörð Ratsjárstofnunar hefur hingað til mótast af því að Bandaríkin hafa staðið straum af öllum rekstarkostnaði. Laun þeirra starfsmanna sem ráðnir eru utan íslenskra kjarasamninga hafa því verið talsvert hærri en þekkist á Íslandi.

Utanríkisráðuneytið hefur ákveðið að gildandi ráðningar- og kjarasamningar verði virtir við yfirtökuna. Þar með verður fjöldi starfsmanna Ratsjárstofnunar á háum launum sem samræmast engan veginn launum ríkisstarfsmanna. Yfirmenn stofnunarinnar hafa verið ófánlegir að gefa upp hvað stofnunin hefur greitt þeim í laun. Allir starfsmenn stofnunarinnar eru íslenskir.

Engar heimildir eru í lögum fyrir fjárveitingum til stofnunarinnar. Í apríl samþykkti þáverandi ríkisstjórn að veita 241 milljón króna í reksturinn í fjárukalögum sem samþykkt verða á haustþingi. Jafnframt var lofað að 824 milljónir yrðu heimilaðar á fjárlögum fyrir árið 2008. Hvorugt hefur verið staðfest með lögum, en ný ríkisstjórn hefur það á stefnuskránni.

## Rekstrarformið til skoðunar

Starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins vinnur nú að greiðri tilfærslu reksturs Ratsjárstofnunar til ríkisins. Ýmsar leiðir verða skoðaðar til að auka hagræðingu í rekstrinum og sjá til þess að kostnaður ríkisins verði sem minnstur. Jafnvel gæti svo farið að rekstrarformi stofnunarinnar verði breytt.

Hópurinn skipa sérfræðingar á vegum ráðuneytisins. Hópurinn mun leggja niðurstöður sínar fyrir ráðherra á haustmánuðum, en ríkið tekur yfir rekstur stofnunarinnar 15. ágúst. Því verða engar breytingar á fyrirkomulagi rekstursins á fyrstu mánuðunum.

Ráðherra hefur sagt að standa hefði mátt ódrúvísi að tilfærslunni. Nú sé hins vegar aðeins ein leið út og mikilvægt að hún gangi snurðulaust fyrir sig.

## Íslenska ríkið fjármagnar

Stofnunin var sett á laggirnar í maí árið 1987. Hlutverk hennar hefur verið að afla upplýsinga um flugumferð yfir Íslandi og umhverfis landið með rekstri ratsjársstöðva. Upplýsingarnar voru svo nýttar af varnarliðinu og Flugmálastjórn Íslands. Eftir að tilkynnt var um brottför varnarliðsins 15. mars á síðasta ári var óvíst um hvers hlutverk það væri að halda úti ratsjársstöðvunum.

Tilkynnt var í september að ratsjárkerfið yrði fært undir íslenska ríkið, en ríkisstjórnin var vongóð um að fjármunir fengjust frá Atlantshafsbandalaginu til að reka það, að minnsta kosti að hluta. Sú von er ekki lengur til staðar og ljóst er að Íslendingar verða að fjármagna það að öllu leyti.

## Hernaður og almenn umferð

Ratsjárkerfinu hefur verið lofað til árlegra heræfinga á vegum Bandaríkjahers og orrustuþota frá NATO, sem munu halda heræfingar fjórum sinnum á ári.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir einu réttlættinguna fyrir rekstri kerfisins vera almenna borgaralega umferð í þágu flugumferðarstjórnar. Ekki fékkst uppgefið hverjar tekjur stofnunarinnar eru af þjónustu við almenna flugumferð.

## RATSJÁRSSTOFNUN

Ratsjárstofnun hóf starfsemi í maí 1987 og hefur undir utanríkisráðuneytið. Hlutverk hennar var að afla upplýsinga um flugumferð fyrir varnarliðið sem Flugmálastjórn Íslands nýtti einnig.



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON**

Stofnunin rekur fjórar ratsjársstöðvar, sem staðsettar eru á Miðnesheiði, Bolafjalli, Stokksnesi og Gunnólfsvíkurfjalli. Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins greiddi allan byggingakostnað við mannvirki og búnað íslenska loftvarnarkerfisins og greiddi bandaríski flugerinn fyrir rekstur þess.

Ólafur Örn Haraldsson er forstjóri Ratsjárstofnunar og Guðrún Erlingsdóttir er aðstoðarforstjóri. Hvorugt þeirra vildi svara nokkru um Ratsjárstofnun við skrif fréttarinnar.



**FRÉTTASKÝRING**  
STEINÞÓRUN JÓNSSON  
steindor@frettabladid.is

**THE SIMPSONS**  
STÓRKOSTLEGASTA FJÓLSKYLDA  
ALLRA TÍMA LOKSINS Í BÍÓ!

**MOVIE**

11. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

HEIMSRUMSÝND MEÐ  
ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ

SENDU SMS JA SMF Á 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKUR,  
DVD MYNDR OG MARGT FLÉIRA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 99 kr./skýtið.



# SPARI DAGAR ORMSSON

Hefjast stundvíslega  
kl. 9:00\* miðvikudaginn 8. ágúst n.k.  
í öllum 12 verslunum ORMSSON  
og hjá umboðsmönnum um land allt.



Stórkostlegt úrval af  
hágæða vöru fyrir heimilið.  
Allt að **40% afsláttur**  
meðan birgðir endast

*..og þú gerir frábær kaup á SPARIDÖGUM ORMSSON!*

# ORMSSON

[www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800  
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800  
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900  
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535  
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333  
ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751  
ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000  
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515  
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038  
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900  
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477  
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

\* ORMSSON Smáralind opnar kl. 11:00



HERDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
21 KM / STYRKTARSJÓÐUR SÓLHEIMA



BJARNI BENEDIKTSSON  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
42 KM / KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS



HUGRÚN SIF HARÐARDÓTTIR  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
10 KM / BLÁTT ÁFRAM



EYÞÓR RAGNARSSON  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
21 KM / SOS-BARNAPORPIN



HALLDÓR BIRGIR BERGÞÓRSSON  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
42 KM / KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS



GÍGJA MAGNÚSDÓTTIR  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
10 KM / GÖTUSMIÐJAN



HJÁLMAR BLÖNDAL GUÐJÓNSSON  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
42 KM / SÁÁ



HILDUR JÓNSDÓTTIR  
STARFSMAÐUR GLITNIS  
10 KM / BARNASPÍTALI HRINGSINS

VIÐ HLAUPUM  
TIL GÓÐS  
18. ÁGÚST

Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. til góðgerðarmála á hvern kílómetra sem viðskiptavinir\* bankans hlaupa og 3.000 kr. fyrir starfsmenn.

Skráðu þig á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is) og hlauptu til góðs.

**Allir sigra 18. ágúst!**

\* Viðskiptavinir í Vild, Námsvild, Gullvild og Platínum.



ÓLAFUR ÞÓR VILHJÁLMSOON  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
10 KM / BARNASPÍTALI HRINGSINS



VILHJÁLMMUR ALVAR HALLDÓRSSON  
STARFSMAÐUR GLITNIS  
21 KM / MINNINGARSJÓÐUR NABÍLS



DAGUR PÁLMMAR EIRÍKSSON  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
21 KM / ABC BARNAHJÁLP



RANNVEIG EIR EINARSDÓTTIR  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
10 KM / STYRKARFÉLAG KRABBAMEINSSJÚKRA BARNNA



ÁRNI ESRA EINARSSON  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
42 KM / MS FÉLAGIÐ



ÖRN VIGFÚS ÓSKARSSON  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
3 KM / HEILAHEILL



MARGRÉT B. ÓLAFSDÓTTIR  
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS  
3 KM / UNICEF

REYKJAVÍKUR  
MARAFON  
GLITNIS  
18. ÁGÚST 2007



GLITNIR



**Austurlamb** ehf. er nýtt hlutafélag bænda á Héraði sem selja kjöt sitt beint til neytenda gegnum pöntunarþjónustu. Áherslan er lögð á gæðin. Upplýsingar eru á [www.austurlamb.is](http://www.austurlamb.is).



**Viðey** er rétt við bæjardyr Reykvik-inga. Samt eru ekki allir sem vita að í Viðeyjarstofu eru fjölbreyttar veitingar í boði alla daga milli 11.30 og 17. Súpa, salat, samlokur og kaffi með þjóðlegu bakkelsi.

**Miele-þvottavélar** eru nú seldar með þrjátíu prósentu afslætti hjá Eirvík á Suðurlandsbraut og Baldursnesi, Akureyri. Þær hafa stór hurðaoþ og íslenskt stjórnbörð.



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## Eyfirskt góðmeti

Matvara af eyfirskum upp-  
runa verður meðal söluvara á  
markaðinum í gamla bænum  
að Laufási í Eyjafirði 6. ágúst  
milli kl. 13.30 og 16.



Heimagerð sulta verður á boðstólum í Laufási.

„Við verðum með alls konar brauð, bæði fjölþjóðleg og séríslensk, svo sem franskbrauð, fjallagrasbrauð, sveitabrauð og rúgbrauð. Öll eru þau heimabökuð,“ er það fyrsta sem Ingibjörg Sigurlaugsdóttir, staðarhaldari í Laufási, nefnir þegar hún er beðin að lýsa matvörunum á Laufásmarkaðinum á mánudaginn. Fleira telur hún upp. „Við erum með rabarbarasultu, rabarbarasaft, berjasultu og rabarbarahlaup. Svo höfum við bakað rabarbarapæ. Þetta flokkast allt undir mat úr héraði. Við erum líka að selja

harðfisk utan af Grenivík og nýuppteknar kartöflur úr eyfirskri mold.“ Einnig verða þjóðlegar veitingar seldar á gamla prestssetrinu.



Sigurður Sigurðsson kokkur, rekstrarstjórarnir Óli Hjörtur Ólafsson og Anna Brá Bjarnadóttir ásamt gagnkynhneigða kokkinum frá Kanada, Alan Bartlet.

## „Straight friendly“ matseðill

Q-bar opnar eldhúsið fyrir homrum, lesbíum og öllum hinum.

Við Ingólfsstræti í Reykjavík var fyrir nokkrum mánuðum opnaður skemmtistaðurinn Q-bar. Þar koma samkynhneigðir saman ásamt gagnkynhneigðum vinum sínum, en staðurinn er það sem kallast „Straight-Friendly“ – öllum opin án tillits til kynhneigðar þó að samkynhneigðir séu þó í meirihluta.

Fram til þessa hefur staðurinn verið rekinn sem bar og skemmtistaður á kvöldin og um helgar, en nú hafa Óli Hjörtur Ólafsson og Anna Brá Bjarnadóttir rekstrarstjórar einnig opnað eldhús með fjölbreyttum og öðruvísi matseðli.

„Við opnuðum eldhús einfaldlega af því okkur langaði bara til þess,“ útskýrir Óli Hjörtur. „Ákváðum að fara ekki þessa hefðbundnu leið sem flest kaffihúsin og barir eru með, sem sagt að bjóða upp á hamborgara og pasta, heldur bjóðum við upp á margs konar léttu rétti,“ segir hann en á matseðlinum er meðal annars að finna tapas-rétti, graflax og falafel.

„Þetta er hugsað þannig að maturinn eigi að vera góður og fallega framreiddur en samt sem áður fljót-

ur að koma á borðið og fólk kann vel að meta það. Fyrsta daginn var mjög gott að gera hjá okkur miðað við það að við auglýstum ekki neitt og allir voru mjög ánægðir,“ segir Óli.

Fyrir framan Q-bar er rúmgóður pallur þar sem gestir geta setið úti ef vel viðrar og hægt er að yfirskuggja pallinn ef tilefni er til. Opnunartími staðarins hefur verið lengdur eftir að eldhúsið opnaði, en eldhúsið er opið frá klukkan 11.30 fyrir hádegi til klukkan níu á kvöldin, alla daga vikunnar.

„Annar kokkurinn okkar kemur frá Kanada og er öllu vanur þegar það kemur að eldamennsku. Hann hefur unnið í eldhúsum víða um heim og hafði því skemmtilegar hugmyndir. Hinn er Íslendingur sem er líka vel vanur og útkoman af þessu samstarfi er mjög góð,“ segir Óli og spurður að því hvort kokkarnir séu samkynhneigðir segir hann svo ekki vera.

„Nei, nei... þeir eru báðir gagnkynhneigðir og Anna Brá sem er rekstrarstjóri á móti mér er líka gagnkynhneigð. Þetta er því ekki neinn sérstakur hommamatur... hvernig sem hann nú er,“ segir hann og skellir upp úr.

[mhg@frettabladid.is](mailto:mhg@frettabladid.is)



Fyrsta Intersport-verslunin á Íslandi var opnuð 18. apríl 1998 að Bildshöfða 20 í Reykjavík. Sú verslun var þá jafnframt sú fimmta stærsta á Norðurlöndunum.

## Risa útsöllumarkaður Intersport

Búið er að setja upp markaðs-  
tjald þar sem afslátturinn er  
allt að 70 prósent.

Dagana 30. júlí til 12. ágúst er sumarútsala í Intersport. Afslátturinn er 20 til 40 prósent af ýmsum íþróttavörum í verslunum í Húsgagnahöllinni og Smáralind.

Búið er að setja upp markaðstjald fyrir utan verslunina í Húsgagnahöllinni. Þar er afslátturinn allt að 70 prósent.

Opið er 10-19 mánudaga til laugardaga í Húsgagnahöllinni en í Smáralindinni er opnað klukkutíma síðar. Opið er á sunnudögum kl. 12-18 í Húsgagnahöllinni en 13-18 í Smáralind.

- tg

# SÝN 2 BYRJAR 4. ÁGÚST

## ÓDÝRARA Á NETINU

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu  
30% afslátt af fyrsta mánuðinum.

STÓRLEIKIR Í ÁGÚST

5. ágúst Chelsea – Manchester United

19. ágúst Liverpool – Chelsea

19. ágúst Manchester City – Manchester United

Við eigum eftir að eiga  
góðan vetur saman.

**SÝN 2**  
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



allt

# matur o.fl.



**Bistro Atlantic** er nýr veitingastaður á brottfararsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Einnig hefur verið opnaður nýr bar í flugstöðinni sem heitir Panorama bar.



## Kryddolíur Pottagaldra við grillið í allt sumar



Hrefna Sætran matreiðslumeistari kann að meta íslenska grænmetið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hunangs Sinnepssósa... ... þegar vindur hvín!



Góð með kjúklingi, svinakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem saltasósa og í kalt pastasalat hverskonar.

## Gráðostasósa... ... þegar sólin skín!



Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

**VOGABÆR**

## Grænt, rautt, gott, ferskt

Nú er íslenska grænmetið upp á sitt besta. Því ekki úr vegi að birta nokkrar girnilegar uppskriftir þar sem það er í aðalhlutverki. Þær eru eftir Hrefnu Sætran kokkalandslíðskonu.



### TÓMATSÚPA

... holl og góð

- 8 tómatar
- 2 laukar
- 1 rif hvítlaukur
- 200 ml tómatasafi
- 100 ml vatn
- Salt og pipar
- Sýrður rjómi

Skerið tómatana, laukinn og hvítlaukinn niður og setjið í pott ásamt tómatasafanum og vatninu. Sjóðið í ca 20 mín. og maukið með töfrasprotu. Kryddið með salti og pipar. Setjið smá sýrðan rjóma út í súpuna þegar hún er komin í skálina.



### GRILLAÐIR TÓMATAR MEÐ GRÁÐAOSTI OG BASIL

... góðir með steikinni

- 4 stk. tómatar
- 1 pk. gráðastur
- 1 stk. shallottulaukur
- 1 rif hvítlaukur
- 1 bréf basil
- Salt og pipar
- Álpappír

Skerið toppinn af tómotunum og takið kjarnann úr þeim. Blandið kjarnanum við gráðastinn, saxaðan shallottulaukinn og hvítlaukinn. Rifið basilblöðin niður, bætið þeim út í og kryddið með salti og pipar. Fyllið tómatana með fyllingunni og vefjið í álpappír. Grillið eða ofnbakið í ca 20 mín.



### KARTÖFLUSALAT MEÐ PAPIKU

... gott með fiskinum

- 8 litlar kartöflur (með hýðinu)
- 2 stk. rauð paprika
- 2 msk. Extra Virgin ólífuolía
- nokkur basillauf
- Salt og pipar

Sjóðið kartöflurnar og setjið í skál. Skerið paprikuna niður í strimla. Setjið paprikuna, Extra Virgin ólífuolíuna og basillaufin út í og merjið kartöflurnar. Kryddið með salti og pipar.



### HEIMALÖGUD TÓMATSÓSA

... góð með öllu

- 10 tómatar
- 2 laukar
- 1 msk. sinnep
- 1 msk. Worcestershire sósa
- 150 ml hrisgrjónaedik
- 100 ml vatn
- 30 ml sojasósa
- 100 ml hunang
- 50 ml hráskykur
- Salt og pipar

Skerið tómatana og laukinn gróft. Setjið í pott ásamt öllu hinu hráefninu. Sjóðið við vægan hita þar til allt hefur náð að blandast vel saman og er orðið hæfilega þykkt. Maukið í matvinnsluvél og kryddið með salti og pipar. Einnig er hægt að hafa sósuna grófari og þá er bara að sleppa því að mauka hana eða mauka minna.



### GRATÍNERUÐ PAPIKA MEÐ SPERGILKÁLI OG ÓLÍFUM

... góð með grillmatnum

- 2 stk. paprika
- 1 haus spergilkál
- 1 krukka ólífur (að eigin vali)
- 1 rauðlaukur
- 2 msk. ólífuolía til steikingar
- salt og pipar
- 100 g rifinn ostur

Skerið paprikuna í tvennt og kjarnhreinsið hana. Skerið toppana af spergilkálinu, skerið ólífunar í tvennt og saxið rauðlaukinn fínt. Hitið olíuna á pönnu og steikið fyllinguna, kryddið með salti og pipar. Fyllið paprikuna með fyllingunni og stráðið ostinum yfir. Bakið í ofni í 20 mín. á 175 C.

# allt tilboð o.fl.



Útsölnar eru að renna sitt skeið og því tilvalið að nota tækifærið og kaupa bæði skóladót og fatnað fyrir haustið.



Ingó er upptekinn við tónleikahald og kemur fram ýmist einn eða ásamt bróður sínum Guðmundi og hljómsveitinni Veðurguðunum. Von er á nýju lagi frá hljómsveitinni innan skamms.  
MYND/LAUFEY GUÐMUNDSDÓTTIR

## Skröltir áfram sama hvað gerist

**Ingólfur Þórarinnsson söngvari er ánægður með kaupin á bílnum sínum, en hefði viljað spara sér peninginn sem fór í magavöðvatæki.**

„Bíllinn er Volvo-skutubíll, frá árinu 1993. Það er alveg sama hverju hann lendir í, alltaf skröltir bíllinn áfram,“ segir Ingólfur Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó úr Idol-inu. Bíllinn keypti Ingó af foreldrum sínum, en þeir fengu hann hjá heldri frú, sem hafði farið silkimjúkum höndum um bíllinn.

Til marks um þolgæði bílsins segir Ingó að hann sé ekki enn orðinn rafmagnslaus þrátt fyrir að ljósín í mælaborðinu séu búnar að

loga í heilan mánuð vegna bilunar. „Hinir og þessir hafa sagt mér að fara með hann í skoðun í Brimborg. Ég hugsa að ég sleppi því bara úr þessu.“

Ingó segist hafa gert önnur og ekki síður góð kaup þegar hann keypti í fyrsta sinn pylsu í pylsvagninum á Selfossi. „Þær eru alveg sérstaklega góðar. Skemmtilega mjúkar og maður endar alltaf með því að kaupa tvær, þótt ætlunin sé að kaupa bara eina. Ég hef legið í þeim síðan ég smakkaði þá fyrstu.“

Það er síðan eins með verstu kaupin og þau bestu, Ingó segist ekki geta gert upp á milli tveggja hluta: vinnubókar í dönsku úr framhaldsskóla og Slendertone-magavöðvatækis. „Vinnubókin í

dönsku 203 í framhaldsskóla er ein mín verstu kaup. Það lá mikið á að redda henni, en svo var hún bara tóm eftir sumarið,“ segir hann hlægjandi og bætir við að danskan sé engu að síður mjög fín og sömuleiðis sænskan.

Magavöðvatækið var hins vegar nýtt til hins ýtrasta, eða alveg þrisvar sinnum þar til það þoldi ekki meir. „Rafhlaðan var strax búin,“ segir Ingó. „Svo voru púðarnir orðnir hálfónýtir og þetta hefur verið ónýt síðan. Tækið liggur nú uppi í skáp.“

Blaðamaður stenst þá ekki mátið og spyr hvort ekki geti hugsast að tækið hafi einfaldlega brennt úr sér. „Það getur bara vel verið,“ segir Ingó og hlær.

roald@frettabladid.is

## Girnilegt góðmeti í Fjarðarkaupum

**Piparsteik úr kjötbörði og ferskir ávextir eru meðal þess sem fæst á tilboði í Fjarðarkaupum.**

Jarðarber í 200 gramma öskjum á 99 krónur í stað 219 áður, gular melónur á 99 krónur kílóid í stað 149 og mangó á 199

sem áður var á 243. Svona hljóða tilboð frá Fjarðarkaupum í Hafnarfirði fyrir þessa helgi. Fleira gott er á boðstólum þar á bæ. Nauta-piparsteik kostar nú 2.498 krónur kílóid og lækkar um 500 krónur og lamba-ribeye sem áður kostaði 2.798 fæst nú á 2.398 krónur kílóid.



## Lífsstíll Maiu á útsölu

*Lífsstílsverslunin Maia er með afslátt af útsöluvörum.*

Útsölnar eru á lokasprettinum á Laugaveginum. Lífsstílsverslunin Maia er þar engin undantekning og er með sextíu prósentu afslátt af öllum útsöluvörum.

